

CE-merkið opnar þér dyrnar að Evrópumarkaði

Við sjáum „CE-merkið“ oft á vörum sem við kaupum en hvað þýðir það í raun og veru? Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA hafa hrint af stað upplýsingaherferð um CE-merkið undir kjörorðinu „CE-merkið opnar þér dyrnar að Evrópumarkaði!“. Merkið segir okkur það að varan samrýmist allri viðeigandi EES-löggjöf og að þess vegna megi markaðssetja hana og selja á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar framleiðandi setur CE-merkið á vöru ábyrgist hann þar með að varan sé í samræmi við kröfur samkvæmt viðkomandi löggjöf, einkum þær sem ætlað er að tryggja heilbrigði, öryggi og verndun umhverfisins. Lagalegar og efnahagslegar afleiðingar þess að fara ekki að öllum kröfum í þessu efni eru svo miklar að flest fyrirtæki, sem vilja láta taka sig alvarlega, veigra sér við að fara á svig við gildandi lög. Þessari herferð er einkum beint að rekstraraðilum, í því skyni að auka vitund þeirra um CE-merkið og skilning á því.

Antonio Tajani, framkvæmdastjóri iðnaðar- og atvinnuframtaksmála, segir þetta um herferðina: „Við þurfum að gera CE-merkið sýnilegra og auka traust almennings á því. Herferð okkar miðar að því að efla skilning á því hvað merkið þýðir og á tilganginum með notkun þess. Þetta traust veltur þó einnig á því hversu trúverðugt það kerfi er, sem býr að baki CE-merkinu. Herferðin mun því auka tiltrú neytenda, til hagsbóta fyrir bæði framleiðendur og dreifingaraðila.“

Vörur sem seldar eru á Evrópska efnahagssvæðinu **þurfa ekki allar að bera CE-merkið**. Merkið er notað á 23 vöruflokka, svo sem leikföng, rafmagnsvörur, vélar, persónuhlífar og lyftur.

CE-merkið þýðir ekki að viðkomandi vara hafi verið framleidd á Evrópska efnahagssvæðinu, heldur aðeins að **fram hafi farið mat á framleiðslunni áður** en varan var sett á markað og því fullnægi hún öllum kröfum sem til hennar eru gerðar lögum samkvæmt (t.d. að hún uppfylli samræmdar öryggiskröfur). Þetta þýðir að framleiðandinn hefur gengið úr skugga um að varan fullnægi öllum grunnkröfum sem við eiga (t.d. kröfum um heilbrigði og öryggi) í viðeigandi tilskipunum eða að hann hafi fengið tilkynntan aðila til að kanna að svo sé.

Þegar um er að ræða vörur sem eru framleiddar innan EES er það á **ábyrgð framleiðandans** að samræmismat sé framkvæmt, að útbúin séu tækniskjöl, að gefin sé út EB-samræmisýfirlýsing og að CE-merkið sé sett á vöruna. Dreifingaraðilar vörunnar verða að ganga úr skugga um að CE-merkið sé til staðar, sem og nauðsynleg skjöl. Þegar um er að ræða vörur sem eru fluttar inn frá ríki utan EES verður innflytjandinn að ganga úr skugga um að framleiðandinn utan EES hafi farið í gegnum öll þau þrep sem tilskilin eru og að skjöl séu tiltæk ef eftir þeim verði leitað.

CE-merkið varðar einnig Sviss og svissneska rekstraraðila, í samræmi við reglur í tvíhliða samningi um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati milli Sambandsríkisins Sviss og Evrópubandalagsins.

CE-merkið auðveldar lífið fyrir bæði fyrirtæki og yfirvöld í hverju landi:

- Merkið veitir **evrópskum fyrirtækjum** aðgang að öllum sameiginlega markaðnum án þess að þurfa að fá til þess leyfi frá yfirvöldum í 30 löndum; þar

með geta þau dregið úr þeim kostnaði og álagi sem fylgir því að fara að öllum lögum og reglum en um leið geta þau uppfyllt strangar gæðakröfur.

- Hvað **yfirvöld í hverju landi** áhrærir, auðveldar merkingin eftirlit sem hver stofnun verður að sinna, án þess að slakað sé á gæðakröfum, á sama tíma og vörum, sem eru fáanlegar á markaði í EES, fjölgar gríðarlega.

Aukið eftirlit tilkynntra aðila og **betra markaðseftirlit** hefur hins vegar styrkt orðspor CE-merkisins og traust neytenda er meira.

Með gildistöku endurskoðaðrar löggjafar um markaðssetningu vöru á innri markaðinum hefur hlutverk CE-merkisins verið eflt og tiltrú á því hefur aukist.

Í ákvæðum í lögum aðildarríkjanna um málsmeðferð og refsingu er mælt fyrir um aðgerðir, réttarræði og viðurlög sem gilda um eftirlíkingar af CE-merkinu og misnotkun á því. Rekstraraðilar geta átt yfir höfði sér fjársektir og í sumum tilvikum fangelsisvist, allt eftir því hversu alvarlegt brotið er. Ef hins vegar ekki er talið að bráð hætta stafi af vörunni er hugsanlegt að framleiðandinn fái annað tækifæri til að tryggja að varan sé í samræmi við gildandi lög og reglur áður en honum er gert skylt að taka hana af markaði.

Á meðan upplýsingaherferðin stendur yfir verður meðal annars efnt til þrjátíu atburða og funda um CE-merkið sem ætlaðir eru rekstraraðilum, starfsgreinasamtökum, neytendasamtökum og blaðamönnum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefsvæðinu:

[MEMO/10/257](#)

<http://www.ec.europa.eu/cemarking>

[Agreement between the European Community and the Swiss Confederation on mutual recognition in relation to conformity assessment](#)